

Arkitektar bregða

Garðhúsabær er yfirskrift alþjóðlegrar arkitektasýningar sem opnar á Kjarvalsstöðum í dag í tengslum við Listahátíð í Reykjavík og Menningarborgina. Kirsten Kiser sýningarstjóri segir hér frá tilurð Garðhúsabæjarins.

Sýningin Garðhúsabærinn var upphaflega sett upp í Danmörku þegar Kaupmannahöfn var Menningarborg Evrópu árið 1996. Hugmyndina að sýningunni átti Kirsten Kiser, en hún var þá nýflutt aftur til heimalandsins eftir margra ára búsetu í Bandaríkjunum. Þar hafði hún kynnst mörgum þeirra heimsfrægu arkitekta sem eiga verk á sýningunni. Þeirra á meðal er Frank O. Gehry, sem hefur m.a. gert Guggenheim safnið í Bilbao á Spáni og er nú með í sýningunni í fyrsta sinn. „Ég lærði arkitektúr í Bandaríkjunum og vann lokaverkefnið mitt hjá honum,“ segir Kirsten, en arkitektaferill hennar sjálfur var stuttur.

„Ég vissi að ég myndi aldrei skara fram úr og hætti fljótlega. Ég ákvað að stofna frekar arkitektúr-gallerí þar sem ég gæti miðlað áhuga mínum og þekkingu á arkitektúr til fólks. Mér finnst gaman að setja upp sýningar sem opna augu almennings fyrir byggingarlist. Þær þurfa ekki endilega að vera stórar. Það skiptir meira máli að þær séu aðgengilegar og upplýsandi,“ segir Kirsten.

Alþjóðlega dönsk

Galleríð hennar í Los Angeles var líklega hið eina í öllum Bandaríkjunum segir hún „sem



Kirsten Kiser sýningarstjóri Garðhúsabæjarins hefur eina ástríðu, arkitektúr, sem hún vill miðla til almennings á aðgengilegan hátt. „Við búum í húsum og við fjármögnum opinberar byggingar svo við ættum ekki að vera hrædd við arkitektúr.“ MYND: ÞÓK.

sérhæfði sig í byggingarlist samtímans. Ég sýndi aðeins verk sem arkitektarnir sjálfir höfðu gert, skissur, teikningar og klippimyndir, ekki innrammaðar stofuteikningar.“ Galleríð varð vinsælt og eitt sumarið bað Kirsten nokkra þekktu arkitekta um að vinna verkefni sem hún kallaði Lífvarðaturninn. „Arkitektunum fannst þetta svo skemmtilegt, að þegar ákveðið var að gera Kaupmannahöfn að menningarborg fannst mér tilvalið að fá þá til að vinna svipað verkefni

Ég vildi setja upp alþjóðlega sýningu sem væri jafnframt mjög dönsk. Hún mátti ekki

vera of umfangsmikil og þannig datt ég niður á garðhúsin. Ég vissi að arkitektarnir myndu fallast á hana. Ég byrjaði á skrifa þeim sem ég þekkti, Aldo Rossi, Michael Graves, Richard Meier, og bað þá um að senda mér teikningar að garðhúsi. Ekkert annað. Þeir sögðu já svo ég sendi bréf til þeirra sem ég þekkti ekki persónulega, Alvaro Siza, Mario Botta, Heikkinen & Komonen, Kleihues og spurði hvort þeir vildu líka vera með.“

Frjálsar hendur

Kirsten sagði arkitektunum að húsin mættu ekki vera stærri en

7,45 fermetrar, annars væri allt leyfilegt. „Portúgalski arkitektinn Siza hélt að það yrði auðvelt að hafa frjálsar hendur, en komst á aðra skoðun eftir að hafa hringt og spurt hvort hann mætti breyta ákveðnum atriðum. Ég sagði að hann réði því sjálfur og það fannst honum erfitt. Arkitektar eru vanir að hlýta ströngum reglum sem takmarkast af óskum og fjárhagsramma viðskiptavinarins,“ segir Kirsten.


„Garðhús arkitektanna eiga því sameiginlegt með garðhúsum verkamannanna að vera draumahús. Verkefnið varð að skemmtilegum leik og því þarf ekki að koma á óvart að margir sóttu hugmyndir sínar aftur til barnskunnar.“ Smæðin var því ekki stærsta vandamálið. „Ég held að arkitektunum hafi þótt gaman að glíma við smæðina. Reyna að gera hús sem liti ekki út fyrir að vera lítill.“

Boðinn garður

Kirsten fékk fyrst aðeins sendar teikningar, en einn arkitektinn sendi líka líkan. „Svo ég sagði við hina: „Hann sendi mér líkan, getið þið ekki líka gert það“. Og þeir sendu mér allir líkón, sem var frábært fyrir sýninguna. Svo hitti ég bæjarstjórnann í Vallensbæk, sem bauð mér ónotað landsvæði sem hentar fullkomlega undir garðhúsin í fullri stærð,“ segir Kirsten. Það er nýbyrjað að byggja húsin og fær Kirsten einkafyrirtæki til að fjármagna byggingarefnið en danska menningarmálaráðuneytið sér um smíðarnar. „Í lok sumars er gert ráð fyrir að fimm garðhús hafi risið í Vallensbæk,“ segir Kirsten og verður íslenska garðhúsið þar á meðal. „Við vorum svo heppin að fá Byko og Ístak til að kosta byggingu húss íslensku arkitektanna fyrir sýninguna (sjá neðar). Það verður síðan sent til Danmerkur.“



Uppblásið garðhús eftir Richard Rogers. Frægasta bygging hans er líklega Pompidou safnið í París sem hann gerði ásamt Renzo Piano.



Josef Paul Kleihues ætlar að heiðra sýninguna með komu sinni.

Samkeppni

Þegar Garðhúsabærinn var settur upp í Menningarborginni Stokkhólmi 1998, bættist Ralph

Íslenskt kósí

Í tilefni af komu sýningarinnar Garðhúsabær til Íslands var efnt til samkeppni um garðhús meðal íslenskra arkitekta. Vinningstillöguna eiga arkitektarnir Dennis Jóhannesson og Hjördís Sigurgísladóttir.

Skýli við rættarlönd í nágrenni borga hafa einnig verið nefnd garðhús. Þau sáust fyrst í Þýskalandi á 19. öld en breiddust smám saman út um Evr-

ópu. Þau risu við garðlönd sem yfirvöld úthlutuðu til verkamanna sem bjuggu við slæm lífsskilyrði í borgunum. Þarna gátu þeir ræktað grænmeti til búþótar eða blóm sér til ánægju. Þegar líða fór á 20. öldina og Reykjavík var orðin borg spruttu einnig upp rættarlönd í nágrenni hennar, þar sem borgarbúar gátu sett niður kartöflur og grænmeti. Þyrpingu garðhúsa var að finna í Kringlumýri í Reykjavík á stríðsárunum, þaðan sem þau viku fyrir nýtsku íbúðarblokkum fljótlega eftir stríð.

Út um glerpak

Rættunarlöndin eru ekki með



Hjördís og Dennis kalla garðhúsið sitt „Hús árstíðanna“. MYND: GVA.

öllu horfin og enn er hægt að finna garðskýli í nágrenni höfudborgarinnar til dæmis ef ekið er í Skammadal eða út í Hafnarfjörð. Garðhúsin voru hugsuð sem skýli fyrir garðáhöld og athvarf eigendanna frá önnum hversdagsins. Þau voru lítil eins og húsið sem hjónin og samstarfsfélagarnir Hjördís og Dennis sáu fyrir sér og sýnt verður á Kjarvalsstöðum.

„Við tengjum okkar hugmynd að garðhúsi við náttúruna og árstíðirnar. Þetta er ekki beint hús; heldur lítið athvarf á tveimur hæðum. Á neðri hæðinni er arinn og á móti honum sæti inni í litlum boga, þar sem hægt er að sitja á dimum